

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Hafnarfjörður 8. maí 2024
Tilv. 2024-04-26-0500/0.2.1

Efni: Varðar frumvarp til laga um lagareldi, 930. mál.

Í fram lögðu frumvarpi um lagareldi, 930. mál, er breyting gerð frá núgildandi lögum á því hvernig stjórnvöld munu bregðast við ef fiskar strjúka úr eldisstöð. Í núgildandi lögum er það hlutverk Fiskistofu að bregðast við ef fiskar strjúka úr eldisstöð og framfylgja því að rekstraraðili virki viðbragðsáætlun sína. Fiskistofa hefur eftirlit með því að rekstraðili reyni að veiða fiska innan við 200m frá eldisstöð, rannsakar það ef grunur er um að fiskar hafi sloppið og grípur til viðtækari aðgerða til að fjarlægja strokufiska, ef tilefni er til, í samráði við veiðifélög eða veiðiréttareigendur þar sem ekki eru veiðifélög vegna veiði eldisfiska í veiðivötnum. Frumvarpsdrögin gera ráð fyrir því að Matvælastofnun taki að miklu leiti við því hlutverki sem Fiskistofa hefur sinnt hingað til.

Mögulega fer vel á því að stjórnsýslu- og eftirlitsaðili fiskeldis, Matvælastofnun, sinni þeim verkefnum sem upp geta komið vegna strokufiska úr eldisstöð. Fiskistofa vill þó í því samhengi benda á að þegar fiskar hafa sloppið úr eldisstöð snúast viðbrögðin um það að verja villta fiskstofna og vistkerfi, þ.e. snúast í raun ekki um fiskeldi. Þegar Fiskistofa hefur mælt fyrir um aðgerðir til að reyna að fjarlægja eldisfiska er tekið mið af árstíma og mögulegum neikvæðum áhrifum slíkra veiða á villta fiskstofna. Fiskistofa fer með stjórnsýslu og eftirlit vegna lax- og silungsveiða í samræmi við lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiðar og hefur álitid að verkefni sem tengjast stroki úr eldi fari vel með öðrum verkefnum sem tengjast nýtingu og umgengni við villta laxa- og silungastofna. Mikilvægt er að gæta að framangreindum þáttum verði verkefnið fært Matvælastofnun, að samráð skuli haft við Fiskistofu um þær aðgerðir sem grípa skal til og gætt sé að þeim hagsmunum sem snúa að villtum fiskstofnum og vistkerfi þeirra.

Ábendingar vegna tiltekinna í fram lögðu frumvarpi um lagareldi

Í frumvarpi um lagareldi kemur fram um gildissvið í 2. gr. að lögin gildi ekki um fiskrækt í ferskvatni sem fari um samkvæmt lögum um fiskrækt. Fiskistofa bendir á að fiskrækt er stunduð með margvíslegum hætti: Tilflutningur fiska á ófiskgeng svæði, hrognagröftur (frjóvguð fóstur grafin í malarbotn), slepping kviðpokaseiða, slepping sumaralinna seiða, slepping gönguseiða. Fiskrækt með seiðasleppingum krefst þess að notaður sé eldisbúnaður/eldisstöð til að klekja seiðum. Lög um fiskrækt, nr. 58/2006, fjalla ekki á neinn hátt um búnað eða aðstöðu sem þarf að vera til staðar í eldisstöð. Eldisstöðvar sem sinnt hafa slíkum verkefnum hafa heyrt undir eftirlit Matvælastofnunar, fram til þessa, en Fiskistofa sinnir stjórnsýslu vegna fiskræktar og hefur eftirlit með henni. Fiskistofa bendir á að skilgreina þarf hvaða eftirlitsstofnun muni fara með eftirlit með eldisþætti fiskræktarstarfsemi og að það liggja beint við að Matvælastofnun sinni því, þar sem sérþekking liggur fyrir um eldisstarfsemi, fisksjúkdóma og dýravelferð. Ekki er lagt til í frumvarpinu að gerðar verði breytingar á lögum um fiskrækt sem taki mið af þessu.



Í 43. gr. frumvarpsins kemur fram að: „Þegar tilkynning berst Matvælastofnun, eða fyrir liggur rökstuddur grunur um strok, skal stofnunin að eigin frumkvæði kanna hvort strok hafi átt sér stað.“ Dæmi eru um að vart verði við eldisfiska á strandsvæðum og hefur Fiskistofa í samvinnu við landeigendur staðið fyrir því að veiða fiska innan netlaga til að kanna hvort eldisfiskar finnist. Fiskistofa telur að huga þurfi að valdheimildum Matvælastofnunar til að mæla fyrir um veiði í netlögum eða veiðivötnum.

Í 45. gr. frumvarpsins er kveðið á um hvernig staðið skuli að veiði eldisfiska úr veiðiám eða vötnum. Þar kemur fram í 1. mgr. að Matvælastofnun skuli ákvarða í samráði við Fiskistofu og viðkomandi veiðifélög hvort tilefni sé til þess að leita að eldisfiskum í veiðiám eða vötnum og hann fjarlægður. Í 2. mgr. segir að sé talin nauðsyn á því að fara í aðgerðir skv. 1. mgr. skuli Fiskistofa hafa samráð við stjórn veiðifélags, eða veiðiréttarhafa þar sem veiðifélag hefur ekki verið stofnað, um aðgerðir skv. 1. mgr. Fiskistofa bendir á að skýrt þurfi að vera hvaða stjórnvald tekur ákvörðun um nauðsynlegar aðgerðir og hvaða stjórnvald framkvæmir þær aðgerðir eða mælir fyrir um þær aðgerðir. Þegar vart verður við eldisfiska í ám er mikilvægt að brugðist sé hratt við og að verkferlar séu einfaldir og skýrir. Breytingin í frumvarpinu frá núgildandi lögum er sú að tvær stofnanir, Matvælastofnun og Fiskistofa, þurfa að koma að ákvarðanatöku í stað þess að í núgildandi lögum fer Fiskistofa fyrir aðgerðum. Með góðu verklagi og samvinnu milli Matvælastofnunar og Fiskistofu er vissulega hægt að láta það ganga vel, en breytingin einfaldar ekki stjórnsýsluna.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Dr. Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs